

Nd. 146. Frumvarp til laga [118. mál]

um breyting á lögum nr. 41 27. apríl 1963, um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971.)

1. gr.

2. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að fella niður þinglesturs- og stimpilgjöld af afsalsbréfum fyrir löndum og lóðum, sem keypt eru eða keypt hafa verið með aðstoð ríkissjóðs samkvæmt lögum þessum. Sama gildir um öll lánaskjöl, sem út eru gefin vegna slíkra landa- og lóðakaupa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi númer lög nr. 74 30. desember 1963, um breyting á lögum nr. 41 27. apríl 1963, um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt lögum nr. 74 30. desember 1963, um breyting á lögum nr. 41 27. apríl 1963, um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa, er fjármálaráðuneytinu heimilt að fella niður þinglesturs- og stimpilgjöld af lánskjólum, sem um getur í 1. mgr., en það tekur aðeins til lána, sem sjóðurinn veitir til landakaupa, en ekki til lána, sem aðrir aðilar veita. Með frumvarpi þessu er lagt til, að heimild fjármálaráðuneytisins til niðurfellingar þinglesturs- og stimpilgjalda taki til allra lánskjöla, sem sveitarstjórn gefur út í sambandi við kaup á landi eða lóðum með aðstoð ríkissjóðs samkvæmt þessum lögum.